

## 2. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 mönnum, rektor Háskólans, sem er formaður, Dana, sem er tilnefndur af gefendum og eftir lát þeirra beggja af Sören Langvad verkfræðingi, og íslenskum ríkisborgara, sem tilnefndur er af gefendum og eftir lát þeirra af háskólaráði til þriggja ára í senn.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningarleg tengsl Íslands og Danmerkur. Í því skyni eru veittir styrkir úr sjóðnum til námsdvalar fyrir Íslendinga í Danmörku og Dani á Íslandi, og enn fremur er heimilt að styrkja hverja þá starfsemi, sem stjórn sjóðsins telur á hverjum tíma, að muni stuðla að því markmiði, sem sjóðnum er ætlað að vinna að. Styrki má veita með eða án umsókna.

Styrkúthlutun fer fram á afmælisdegi frú Selmu Langvad hinn 25. júní, í fyrsta skipti 25. júní 1965. Stjórnin getur ákveðið, að styrkúthlutun fari fram árlega eða með 2—3 ára millibili. Öllum vöxtum sjóðsins má verja til úthlutunar samkv. framansögðu, en höfuðstól má eigi skerða.

## 4. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

30. júlí.

Nr. 221.

## AUGLÝSING

## um umferðartakmarkanir í Blönduóskaupþúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Blönduóshrepps, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Blönduóskaupþúni, samkv. heimild 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958.

## Aðalbrautir:

1. Aðalgata.
2. Blöndubyggð.
3. Þingbraut, frá Blöndubyggð að Háubrekku.
4. Norðurbraut, frá Blöndubrú að Ámundakinn.
5. Húnabraut.

Biðskylda er við allar hliðargötur, sem liggja að framanskraðum aðalbrautum. Þar sem aðalbrautir skerast, hefur Þingbraut forgang fram yfir Aðalgötu, Blöndubyggð fram yfir Þingbraut og Norðurbraut fram yfir Húnabraut.

Bifreiðastöður eru bannaðar við Aðalgötu, frá gamla samkomuhúsinu og upp fyrir verzlunarhús Verzlunarfélags Austur-Húnvetninga á suðurkanti götunnar. Umferðarmerkjum hefur verið komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

*Skrifstofu Húnavatnssýslu, 30. júlí 1964.*

**Jón Ísberg.**